

**Sp.**

**73. Tillaga til þingsályktunar**

**[69. mál]**

um að ljúka við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans.

Flm.: Geirbrúður Hildur Bernhöft.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórn að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans á árinu 1975.

**Greinargerð.**

Flestum landsmönnum er þegar ljóst, hversu brýn þörf er á, að húsi fæðinga- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans, sem nú er í byggingu, verði lokið sem allra fyrst.

Forsaga þessa máls er bæði löng og ströng. Fullkomin fæðingaraðstoð við konur var mjög af skornum skammti allt fram til ársins 1931, þegar fyrsta fæðingardeild landsins hóf starfsemi sína á 3. hæð Landsspítalans. Deildin hafði aðeins 14 rúm, enda var frá upphafi áformað, að þangað kæmu eingöngu konur, sem búast mætti við afbrigðilegum fæðingum hjá. Öðrum var ætlað að fæða í heima-húsum. Strax á fyrsta ári fór þó að gæta þrengsla á deildinni. Aðsókn kvenna fór sífellt vaxandi, enda gerðu konur sér fljótlega ljóst það öryggi, sem fylgdi því að fæða þar sem hægt var að gera aðgerðir, þegar út af bar.

Nokkrum árum síðar var því komið á stofn tveim fæðingarheimilum, sem bættu þá úr brýnni þörf.

Í lok stríðsins voru vandræði í þessum málum orðin svo mikil, að heilbrigðis-yfirvöld hófu undirbúning að byggingu núverandi fæðingardeildar, sem tekin var í notkun árið 1949. Hún bætti þá úr brýnni þörf, þótt mörgu væri ábótavant þegar í upphafi, m. a. var hreinlætisaðstaða allt of lítil.

Aðsókn að núverandi fæðinga- og kvensjúkdómadeild fór stöðugt vaxandi. Miklu fleiri konur fæddu en sæmileg aðstaða var til að taka á móti. Þekktu margar konur af eigin raun þrengslin á deildinni, enda hafa fjölmargar fætt á baði og göngum deildarinnar.

Hinn þátturinn í starfi fæðingardeildarinnar eru kvensjúkdómar. Hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju ári. S. l. ár komu næstum allar konur landsins, sem voru með krabbamein í legbol eða leghálsi, til meðferðar á vegum lækna deildarinnar, — í bili þó í húsrými handlæknisdeildar Landsspítalans, — eða þar til nýja viðbyggingin verður tekin í notkun. Öll aðstaða þar er mjög ófullkomin og getur á engan hátt annað brýnustu þörf. Mörg hundruð kvenna, 450—650 konur, samkv. upplýsingum sérfræðings deildarinnar, eru stöðugt á biðlista. Nærri má geta um liðan þeirra kvenna, sem neiðast til að biða langtímum saman eftir lífsnauðsynlegri læknishjálpi í fullri óvissu um hvernig fer.

Árið 1975 er kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Tel ég afar æskilegt og mjög vel viðeigandi, að háttvirt Alþingi og hæstvirt ríkisstjórn minnst íslenskra kvenna í tilefni ársins með því að bæta úr aðstöðu kvenna í þjóðfélaginu, þar sem brýnust er þörfin, þ. e. að bæta aðstöðu þeirra til að leita sér lífsnauðsynlegrar læknishjálpar.

Nýbygging eða viðbygging fæðinga- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans hófst árið 1971.

Í upphafi voru það samtök kvenna, sem áttu stærstan þátt í því, að bygging Landsspítalans varð að raunveruleika. Það voru enn samtök kvenna, sem hófu fjársöfnun um land allt til að hrinda í framkvæmd nýbyggingu kvensjúkdómadeildarinnar, sem nú er í byggingu.

Áformað var í upphafi, að byggingin tæki þrjú ár. Það hefur því miður ekki tekist. Þess vegna er nú skorað á ríkisstjórn að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningardeildar Landsspítalans á næsta ári.